

## D ó m s o r ð:

Stefndu, Umsjónarnefnd eftirlauna, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júlí 1984.

Nr. 72/1980. **Hreppsnefnd Þverárhrepps**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

**Benedikt Axelssyni**

**Elinborgu Ólafsdóttur**

**Sigfúsi Sigfússyni og**

**oddvitum hreppsnefnda Þorkelshólshrepps,**

**Áshrepps og Sveinsstaðahrepps f.h. hreppanna**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Afréttir. Umferðarréttur.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. maí 1980. Hann krefst þess, að viðurkennt verði með dómi, að íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfénað um lönd jarðanna Grafar og Miðhóps, þar á meðal um svokallað Miðhópshlíð eftir leið, sem merkt er I á uppdrætti, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt, „svo sem þeim sé þörf til að mega nýta umferðarrétt sinn um lönd Rannveigar Ingimundardóttur og beitarrétt sinn á afréttarsvæðunum í Fremrihlíð, á Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungum.“ Áfrýjandi krefst og málskostnaðar í héraði in solidum úr hendi allra annarra stefndu en Sigfúsar Sigfússonar og fyrir Hæstarétti úr hendi allra stefndu in solidum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu Benedikt Axelsson og Elínborg Ólafsdóttir hafa keypt hálfleнду jarðarinnar Miðhóps af Jóni Kristjánssyni og Margréti Björnsdóttur og tekið við aðild þeirra að máli þessu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal yfirlýsing Rannveigar Ingimundardóttur 30. desember 1983 um, að íbúum Þverárhrepps sé heimilt að fara með búpening til afréttar um Kornársælsland og Þingeyrasælsland. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt afsal 9. janúar 1904 frá Sigurði Jónssyni, bónda á Lækjamóti, til áfrýjanda fyrir afréttarlöndum hans á Lambatungum, Kornársartungum og Haukadalsheiði.

Áfrýjandi hefur með munnlegum samningum fengið tímabundnar heimildir til hrossabeitar í Fremrihlíð í Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, síðan um 1969. Hann hefur ekki gert kröfu sérstaklega til umferðar með búpening þangað.

Áfrýjendur keyptu afréttarlönd sín árið 1904, eins og fyrr segir, en samkvæmt málsgögnum hófust hrossarekstrar úr Þverárhreppi til afréttarins um Grafar- og Miðhópslönd ekki fyrr en um 1930. Þar er því ekki um forna upprekstrarleið úr Þverárhreppi að ræða.

Eins og í héraðsdómi greinir, lét hreppsnefnd Þorkelshólshrepps með samþykki þáverandi eiganda Miðhóps loka hliði á svonefndri Miðhópsgirðingu árið 1945. Með úrskurði 9. júlí s.á. synjaði fógæti kröfu um, að hliðið væri opnað með beinni fógætagerð. Haustið 1945 komst á samningur um umferð með búpening úr Þverárhreppi gegnum hliðið til afréttar. Með bréfi 5. júní 1960 beindi oddviti Áshrepps þeim tilmælum til oddvita Þverárhrepps, að stóð úr hreppnum yrði rekið fram Vatnsdal til afréttar sökum mikils ónæðis á lambfé af rekstri stóðsins. Hinn 20. sama mánaðar sendi Grímur Gíslason f.h. Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa oddvita Þverárhrepps svohljóðandi símskeyti:

„Að gefnu tilefni í símtali í dag og samkvæmt heimild í 4. mgr. 6. gr. fjallskilareglugerðar Austur-Húnavatnssýslu tilkynnist yður, að stóð úr Þverárhreppi ber að reka fram Vatnsdal til afréttar.“

Svo er að sjá sem einhverjir hrossaeigendur úr Þverárhreppi hafi haldið áfram stóðrekstrum um Miðhópsland þrátt fyrir fyrirmæli þessi, en árið 1971 var ákveðið að læsa hliðinu, eins og í héraðsdómi

greinir. Þar er og greint frá sakadómsrannsókn, sem fram fór 1962 vegna stóðrekstra gegnum hliðið og lögreglurannsókn, sem fram fór út af sams konar tilefni 1973.

Eins og að framan greinir, var Miðhópsfliði lokað árið 1945, en síðan var samið um rekstur gegnum hliðið, og virðist sá samningur hafa verið í gildi fram undir 1960. Þegar af þessum sökum verður ekki fallist á, að áfrýjandi hafi unnið hefð á upprekstrarleið gegnum Miðhópsland.

Afréttarlönd þau, sem áfrýjandi á og um ræðir í máli þessu, eru í Austur-Húnavatnssýslu og á umráðasvæði Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 98/1941 skyldi reka búpening á miðjan afrétt, nema fjallskilastjórn hefði ákveðið annað. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skyldi reka þannig í gegnum heimalönd manna, að sem minnstur bagi yrði að, og var fjallskilastjórn heimilað að ákveða, hvaða leiðir skyldi reka á afrétt. Samhljóða ákvæði er að finna í síðari fjallskilareglugerðum fyrir Austur-Húnavatnssýslu, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 19/1961 og 2. og 3. mgr. 6. gr. núgildandi reglugerðar nr. 177/1971. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar frá 1971 hefur sýslunefnd yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir eða fjallskilastjórnir kosnar af hreppsnefndum innan viðkomandi upprekstrarfélags annast alla stjórn og framkvæmd á þeim hver á sínu svæði. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er sameiginlegt upprekstrarfélag fyrir Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá því, sem var í reglugerðunum frá 1941 og 1961.

Telja verður, að Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa hafi verið rétt, eins og það gerði 1960, að ákveða samkvæmt heimild í 6. gr. fjallskilareglugerðarinnar, að hross úr Þverárhreppi skyldu rekin fram Vatnsdal til afréttar á umráðasvæði þess og að þeim, sem hross ráku til þess afréttar úr Þverárhreppi, hafi verið skylt að hlíta þeirri ákvörðun. Er þá haft í huga, að hreppsnefnd Þorkelsbólshrepps og eigendur Miðhóps höfðu talið stóðrekstra um land þeirrar jarðar til baga og lokuðu leiðinni. Ekki var heldur um forna leið að ræða til upprekstrar fyrir búpening úr Þverárhreppi um lönd Miðhóps og Grafar, eins og fyrr segir.

Samkvæmt því, sem nú er greint, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Þverárhrepps f.h. hreppsins, greiði stefndu, Benedikt Axelssyni, Elínborgu Ólafsdóttur, Sigfúsi Sigfússyni og hreppsnefndum Þorkelshólshrepps, Sveinsstaðahrepps og Áshrepps f.h. hreppanna, 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur áreiðar- og vettvangsdóms Húnavatnssýslu 23. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars sl., er höfðað af hreppsnefnd Þverárhrepps, Vestur-Húnavatnssýslu, f.h. hreppsins með stefnu, útgefinni 9. janúar 1978, á hendur Benedikt Axelssyni og Elínborgu Ólafsdóttur, Miðhópi, vegna háflendu þeirrar jarðar, Jóni Kristjánssyni og Margréti Björnsdóttur, Köldukinn, vegna hinnar háflendu jarðarinnar Miðhóps, Sigfúsi Sigfússyni, Gröf, vegna þeirrar jarðar, Rannveigu Ingimundardóttur, Viðimel 66, Reykjavík, vegna Þingeyrarsels, Jóhannesi Guðmundssyni oddvita, Auðunnarstöðum, vegna hreppsnefndar Þorkelshólshrepps, Jóni Bjarnasyni, Ási, vegna hreppsnefndar Áshrepps og Bjarna Jónssyni, Haga, vegna hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps og þeim báðum vegna Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Að staðfest verði með dómi, að íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfenað um lönd jarðanna Grafar, Miðhóps — þar á meðal um svokallað Miðhópshlíð —, og Þingeyrarsel, svo sem leið liggur forn og hefðbundin um lönd þessara jarða, fram á afréttarlönd hreppsins, Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur, svo og Fremrihlíð. Þá er þess krafist, að stefndu verði — að undanteknum Sigfúsi Sigfússyni og Rannveigu Ingimundardóttur — dæmdir in solidum til þess að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndu Sigfús Sigfússon og Rannveig Ingimundardóttir hafa ekki haft nein afskipti af máli þessu.

*Málavextir.*

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru málavextir þeir, að með afsali, dags. 9. jan. 1904, keypti Þverárhreppur  $\frac{1}{4}$  hluta svonefndrar Haukagilsheiðar og  $\frac{1}{8}$  hluta af svonefndum Kornsártungum og Lambatungum af Sigurði Jónssyni, bónda á Lækjamóti, en hér er um að ræða afréttarsvæði milli Grímsungu- og Viðidalstunguheiða í Húnavatnssýslu. Nánar er svæðum þessum þannig lýst: Haukagilsheiði liggur fram af hálsinum austan Viðidalsfjalls og fram að Stórasandi. Kornsártungur liggja norðan Haukagilsheiðar og takmarkast af Kornsárkvísl og Kleppukvísl. Lambatungur liggja austan Haukagilsheiðar og takmarkast að vestan af Álftaskálará og að austan af Brikarkvísl og ná suður að Stórasandi. Þá hafa Þverhreppingar á síðastliðnum 20 árum haft heimild til hrossabeitar í eignarhluta Jóns Hannessonar í Fremrihlíð í Þorkelshólshreppi, en landsvæði það liggur meðfram Gljúfurá að vestanverðu sunnan Rófuskarðsár, austanvert við svonefndan Gafl.

Afréttarnot Þverhreppinga af Haukagilsheiði, Kornsártungum og Lambatungum eru sameiginleg með Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa, og eru þessir aðiljar sameigendur afréttarins.

Til reksturs búfjár í ofangreindan afrétt er um þrjár leiðir að ræða og hafa þær allar verið dregnar inn á landabréf, sbr. dskj. nr. 6, af Aðalbirni Benediktssyni, búnaðarráðunaut Grundarási í Vestur-Húnavatnssýslu. Fyrst verður hér lýst þeirri leið, sem stefnandi vill fá viðurkenndan umferðarrétt um, svonefndri Gljúfurárleið, og merkt er leið I á landabréfi. Það er leiðin af þjóðvegi frá býlinu Gröf í Viðidal, meðfram Gljúfurá að vestanverðu, um land jarðanna Grafar, Miðhóps og Þingeyrarsels (sem er eyðibýli) um Háeggjaás að Álku við Fremstasel. Leið þessi frá Gröf að Fremstaseli mældist 27 km löng.

Þá er að geta leiðar fram Vatnsdal, sem merkt er leið II á landabréfi. Þeirri leið er þannig lýst, að farið er eftir þjóðveginum frá Gröf að Sveinstöðum og síðan inn Vatnsdal um Haukagil og fram með Álku að Fremstaseli. Sú leið mældist 33 km löng.

Þá er þriðja leiðin fram Viðidal, merkt leið III á landabréfi. Leiðinni er þannig lýst, að farið er eftir þjóðveginum frá Enniskoti og að vegamótum milli Viðidalsárbrúar og Lækjamóts og þar inn Viðidalinn um Hrappstaði, þaðan heiðarveg að Hraungarði og síðan austur að Stuttalæk. Leið þessi mældist 48 km löng miðað við sömu endapunkta og leið I og II, en þá ber að hafa í huga, að Þverhreppingar koma með stóð sitt á þjóðveg (þ.e. hringveg) niður hjá Enniskoti, en ekki Gröf, og á milli þessarar tveggja staða mældust 2 km.

Þegar hin umstefnda Gljúfurárleið er farin, liggur hún um heimalönd jarðanna Grafar og Miðhóps, sem báðar eru setnar, svo og jarðarinnar

Þingeyrarsels, sem er í eyði. Þegar löndum þessara jarða sleppir, taka af-réttarlönd við.

Fyrir allöngu girti þáverandi eigandi Miðhóps úr svonefndum Hólagils-læk og niður í Gljúfurá, fyrst og fremst til þess að verjast ágangi búfjár, er liða tók á sumar. Síðar var girðing þessi afhent Þorkelshólshreppi, og gerðust Ás- og Sveinsstaðahreppar meðeigendur að henni. Hlið er á um-ræddri girðingu, sem glögglega er merkt inn á landabréf á dskj. nr. 6, og hafa umráðamenn girðingarinnar stundum læst hliðinu og tálmað þannig stóðrekstra Þverhreppinga.

Ítala var gerð í umrædd afréttarlönd, dags. 12. ágúst 1940, af fimm manna ítölumatsnefnd, sem sýslumaður Húnavatnssýslu skipaði 6. júlí 1940. Samkvæmt ítölumati þessu, sem talið er hafa gilt alla tíð síðan, mega Þverhreppingar reka á afréttinn þá tölu fullorðinna hrossa, sem að neðan greinir, og er þá miðað við eignarhluta þeirra.

|                                    |           |
|------------------------------------|-----------|
| 1. Á Kornsártungu $1/8$ af 40 =    | 5 hross   |
| 2. Á Haukagilsheiði $1/4$ af 300 = | 75 hross  |
| 3. Á Lambatungur $1/8$ af 240 =    | 30 hross  |
| Alls                               | 110 hross |

Auk þess mega þeir reka 30 fullorðin hross í Fremrihlíð samkvæmt sam-komulagi.

Fram hefur komið, að Þverhreppingar hófu stóðrekstra þá, sem hér um ræðir, um 1930. Á árinu 1945 ákvað hreppsnefnd Þorkelshólshrepps með leyfi og samþykki þáverandi eiganda og ábúanda Miðhóps að loka (læsa) hliði á Miðhópsgirðingu, þar sem hreppsnefndin taldi, að gegnum hliðið hefði enginn erindi, þar sem þarna væri ekki afréttarvegur nema fyrir bónd-ann í Miðhópi. Aðrir hefðu enga heimild til þess að fara þessa leið með afréttarpening og gera með því ónæði þeim peningi, sem þarna ætti að vera í fullri heimild. Eggert Levý, hreppstjóri á Ósum í Þverárhreppi, gerði þá um það kröfu til sýslumanns Húnavatnssýslu, að umrætt hlið yrði opnað með beinni fúgetagerð. Í fúgetarétti Húnavatnssýslu hinn 9. júlí 1945 var kveðinn upp úrskurður um deiluefnið, þar sem fúgeti synjaði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Gerðarbeiðandi tók út áfrýjunarstefnu í málinu til Hæstaréttar 8. okt. 1945, en lét málssókn niður falla og gerði í þess stað samning, dags. 28. nóv. 1945, við Axel Guðmundsson, oddvita Þor-kelshólshrepps f.h. hreppsins, svofelldan:

„Við undirritaðir Axel Guðmundsson hreppsnefndaroddviti fyrir hönd hreppsnefndar Þorkelshólshrepps og Eggert Levý bóndi í Ósum, gerum svo-felldan samning: Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps lofar að annast um að íbúum Þverárhrepps sé leyfð tálmunarlaus umferð um svonefnd Miðhóps-

hlið með skepnur sínar á leið til og frá afrétt. Ennfremur lofar hreppsnefndin að heimila íbúum Þverárhrepps upprekstrar á Viðidalshéiði á allt að 75 hrossum árlega, eftir nánari samkomulagi milli hreppsnefndar og hrossseigenda, enda sitji þeir menn fyrir, er þess hafa notið undanfarið. Eggert Levy lofar að láta fógataréttarmálið Eggert Levy gegn oddvita Þorkelshólshrepps niður falla og allar kröfur í sambandi við það. Enn fremur greiðir Eggert Levy, við undirskrift samnings þessa kr. 300.- — þrjúhundruð krónur — til hreppsnefndaroddvita Þorkelshólshrepps. Hver aðili fyrir sig, getur óskað endurskoðunar samnings þessa, að liðnum 10 árum hjer frá. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og halda aðilar einu eintaki hvor. Til staðfestu undirrituð nöfn okkar í viðurvist tilkvaddra votta.“

Hinn 7. mars 1946 ritaði Eggert Levy hreppsnefnd Þverárhrepps svofelltt bréf:

„Í samningi milli hreppsnefndaroddvita Þorkelshólshrepps f.h. hreppsnefndar tjeðs hrepps, og Eggerts Levy á Ósum, sem undirskrifaður var, í viðurvist tilkvaddra votta, á Lækjamóti 28/11 1945, eru fyrstu þrjár málsgreinarnar svohljóðandi: „Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps lofar að annast um að íbúum Þverárhrepps sje heimil, tálmunarlaus umferð um svonefnd Miðhópshlið, með skepnur sínar á leið til og frá afrjettar. Ennfremur lofar hreppsnefndin að heimila íbúum Þverárhrepps upprekstur í Viðidalstunguheiði á allt að 75 hrossum árlega, eftir nánara samkomulagi, milli hreppsnefndar og hrossaeigenda, enda sitji þeir menn fyrir, er þess hafa notið undanfarið. Eggert Levy lofar að láta fógatarjettarmálið „Eggert Levy gegn oddvita Þorkelshólshrepps“ niður falla og allar kröfur í sambandi við það. Síðasti liður tjeðs samnings hljóðar svo: Hvor aðili fyrir sig getur óskað endurskoðunar samnings þessa, að liðnum 10 árum hjer frá.“ Um leið og jeg tilkynni háttv. hreppsnefnd Þverárhrepps þetta, vil jeg vænta þess að hún annist um að þessi rjettur verði notaður, ætti það, ásamt þeim aukna rjetti til hrossarekstrar á okkar eigiú afrjett austur frá, er leiðir af ákvæðum ítölulaganna, að mega reka hverja búpeningstegund, er menn vilja í ítölumat sitt að verða til þess, að Þverhreppingar geti ljett svo á heimalöndum sínum, hvað hagbeit hrossa snertir, yfir sumarið, að minna tjón verði af hrossafjöldanum heima en verið hefir hin síðustu ár. Viðvíkjandi þeim kjörum, er þeir hafa notið, er hross sín hafa rekið til Tunguheiðar, undanfarið hjeðan úr hreppi, þá hafa þau, skv. reikningum Þorkelshólshrepps verið þau að þeir hafa greitt þar hálf gangnaskilagjald, hálf girðingargjald og kr. 5.00 í hagatoll fyrir hvert hross, hefir það í framkvæmdinni orðið svo að þeir hafa ekki greitt neitt, sem heitir meira en íbúar Þorkelshólshrepps hafa orðið að greiða í gangnaskila og girðingargjald, með öðrum orðum, sama sem fengið landið, fyrir ekki neitt, saman borið við íbúa Þorkelshólshrepps.“

Árið 1946, 2. apríl, var á sameiginlegum fundi Ás- og Sveinsstaðahreppa samþykkt samhljóða skv. heimild í 6. gr. fjallskilareglugerðar A-Húnavatnssýslu, að öll þau hross, sem reka ætti til afréttar upprekstrarfélagsins, skyldu rekast fram Vatnsdal og þaðan hinar venjulegu leiðir til afréttar. Rök Vatnsdælinga fyrir því að ákveða upprekstrarleiðina fram Vatnsdal voru einkum þau, eftir því sem séð verður, að það gerði lambfé mikið ónæði að reka hross fram með Gljúfurá á þeim árstíma, sem rekstrarnir færu fram, einnig vildi upprekstrarfélagið láta hreppstjóra Áshrepps telja hrossin á leið til afréttar, en grunur var talinn leika á, að Þverhreppingar rækju stundum mun fleiri hross í afréttinn en þeir höfðu heimild til.

Á fundi hreppsnefndar Þverárhrepps 10. mars 1958 var lögð fram tilkynning frá oddvita Þorkelshólshrepps, dags. 27. október 1957, þar sem sagði, að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hefði samþykkt að segja upp samningi við Þverárhrepp frá 28/11 1945 um upprekstur hrossa úr Þverárhreppi á Viðidalstunguheiði.

Hinn 26. júní 1958 gerðu Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur með sér svofelldan samning:

„Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur gera svofelldan samning um upprekstur á hrossum úr Þverárhreppi á Viðidalstunguheiði. Þorkelshólshreppur leyfir upprekstur á allt að 60 hrossum með eftirgreindum skilyrðum. Greitt sé sama gjald fyrir hross og lagt er á hross í Þorkelshólshreppi og er þá átt við bæði fjallskilagjald og girðingargjald. Auk þess greiði Þverárhreppur kr. 20.00 — tuttugu krónur — í upprekstrargjald pr. hross. Hrossin séu talin um leið og þau eru rekin og séu ekki rekin önnur hross fram Viðidal, en fara eiga á Viðidalstunguheiði. Þá er þess óskað að rekið sé frá þeim bæjum fyrst og fremst, sem áður hafa rekið á Viðidalstunguheiði. Komi í ljós þegar hrossin eru talin í réttum að haustinu, að fram yfir hafi verið rekið, þá gerir Þorkelshólshreppur þá kröfu að fá gjald fyrir þau hross sem fram yfir eru leyfða tölu á Haukagilsheiði, en koma hér á réttir, enda sannist að ekki sé um hross að ræða, sem rekin hafi verið án vitundar eigenda. Samningur þessi gildir í eitt ár, en framlengist um ár í senn, sé honum ekki sagt upp fyrir 15. maí. Samningur þessi er gerður í tveim samhljóð eint. og heldur sinn aðili hvoru.“

Hinn 13. júní 1962 var fyrir tekið í sakadómi Húnavatnssýslu, sem haldinn var að Ósum í Þverárhreppi „rannsókn vegna brota á fjallskilareglugerð A-Hún.“ Rannsókn þessi var gerð vegna kæru, sem oddvitar Sveinsstað- og Áshreppa f.h. upprekstrarfélaga þeirra hreppa höfðu lagt fram varðandi hrossarekstur nokkurra Þverhreppinga á Haukagilsheiði í júnímánuði 1961. Fyrir réttinn komu þeir Guðmundur Sigurðsson bóni, Katadal, Jóhannes Magnússon bóndi, Ægissíðu, og Skúli Árnason bóndi, Gnýstöðum, allir í Þverárhreppi. Allir viðurkenndu þeir að hafa rekið stóð sitt fram Viðidals-

fjall seint í júní 1961, þrátt fyrir það að þeir vissu, að oddvitar Ás- og Sveinsstaðahreppa hefðu tilkynnt oddvita Þverárhrepps, að þeir hefðu ákveðið rekstrarleið fram Vatnsdal. Málið var sent ríkissaksóknara, sem felldi það niður.

Hinn 7. maí 1963 ritaði oddviti Þorkelshólshrepps f.h. hreppsins hreppsnefnd Þverárhrepps svofellt bréf:

„Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps segir hér með upp samningi frá 26. júní 1958 um upprekstur hrossa úr Þverárhreppi á Víðidalstunguheiði.“

Hreppsnefndir Ás-, Sveinsstaða- og Þorkelshólshrepps komu saman til sameiginlegs fundar í félagsheimilinu Víðihlíð 24. apríl 1971. Allir hreppsnefndarmenn hreppanna þriggja voru mættir á fundinum. Fjallskilamál hreppanna voru til umræðu. Á fundinum var samhljóð samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Sameiginlegur fundur Ás-, Sveinsstaða- og Þorkelshólshreppa 24. apríl 1971 samþykkir að lengja á þessu vori ef unnt reynist svokallaða Miðhópsgirðingu, svo að hún komi að sem bestum notum við að verja fé að fara bæði norður fyrir og eins úr heimahögum. Einnig að læsa hliðinu á girðingunni yfir sumarið og verði bóndanum í Miðhópi falið að geyma lykilinn.“

Eftir þetta eða frá árinu 1972 var hliðinu læst á ný og hefur við svo búið staðið upp frá því, en lykillinn hefur verið geymdur hjá stefnda Benedikt Axelssyni.

Hinn 10. júlí 1973 varð vart við stóðrekstur frá Þverhreppingum, þar sem þeir voru að reka hross til Haukagilsheiðar. Við reksturinn voru þeir Guðmundur Sigurðsson, Katadal, Kristján Sigurðsson, Brautarlandi, Jón Ásmundarson, Bjarghúsum, og Halldór Sigurðsson, Efri-Þverá. Þetta kærðu þeir oddvitar Þorkelshóls- og Sveinsstaðahreppa og Benedikt Axelson bóndi, Miðhópi, til sýslumanns, þar sem þeir töldu stóðrekstur þennan ólöglegan. Í kærunni segja þeir rekstrarmenn hafa brotið upp láslæst hlið á Miðhópsgirðingunni. Fram fór lögreglu- og dómsrannsókn sem send var ríkissaksóknara, en hann mun ekki hafa látið uppi álit á málinu né óskað eftir frekari aðgerðum.

Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson, sem áður hafa komið við sögu, rituðu hinn 27. júní 1974 sýslumanni Húnvetninga beiðni um, að umrætt hlið á Miðhópsgirðingu yrði opnað með fógetagerð. Úrskurður fógeta í málinu gekk hinn 13. ágúst 1974, og var krafa gerðarbeiðenda um opnun hliðsins ekki tekin til greina. Úrskurði þessum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem staðfesti hann að niðurstöðu til, en í forsendum dómsins segir m.a. að réttur áfrýjanda til rekstrar gegnum hlið á Miðhópsgirðingu sé eigi glöggur og hafi hann ekki sýnt fram á, að slíkir hagsmunir hafi verið í húfi, að eigi hafi mátt biða úrlausnar vettvangsdóms um ágreininginn.

Jóhannes Magnússon bóndi, Ægissíðu, kom fyrir dóminn í stað oddvita

Þverárhrepps, Jóhannesar Levý, sem bar fyrir sig heyrnardeyfu og óskaði þess, að Jóhannes Magnússon gæfi skýrslu í sinn stað. Jóhannes Magnússon greindi m.a. frá því, að allt frá því um 1930 hafi þeir Þverhreppingar rekið á afrétt fram með Gljúfurá. Aðspurður kvað hann Stóru-Borgar menn hafa rekið Vatnsdalsleiðina stundum, vegna þess að þeir höfðu lent í villum á Gljúfurárleiðinni. Þá kvað hann Jón bónda í Bjarghúsum hafa rekið Vatnsdalsleiðina á síðastliðnu vori. Kvað hann Gljúfurárleiðina vera bestu upprekstrarleiðina fyrir Þverhreppinga og nánar aðspurður, hverjir það séu, sem telji hana bestu upprekstrarleiðina, þá hafi það verið bændur allt frá Katadal og fram að Kistu að austan svo og frá Neðri- og Efri-Þverá og Bjarghúsum og einnig Grund í Vesturhópi. Bændur frá öllum þessum bæjum hafi rekið með sér á afrétt. Þá segir mætti, að það sé miklu betra að reka þessa Gljúfurárleið, af því að það sé miklu mýkra undir fæti fyrir hrossin og jafnframt stysta og greiðfærasta leiðin. Út af aðiljaskýrslu Benedikts Axelssonar kveður mætti það ekki rétt, að Svínadalssá sé straumþung á, heldur kvað hann þetta vera „góða lækjarsprænu“, og ekki heldur sé um að ræða forardý þau, sem um getur í aðiljaskýrslunni. Hann segir allt of mikið sagt, að þessi umrædda leið sé aðeins fyrir þaulkunnuga menn, en að sjálfsögðu sé betra fyrir þá, sem ætli þessa leið, að þekkja hana nokkuð, eins og ástatt sé um margar aðrar leiðir. Þá kvað hann það einnig rangt, sem fram kemur í aðiljaskýrslunni, að þeir hafi valdið bændum í úthluta Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppum milljónatjóni á hverju ári með því að tvístra fénaði þeirra til allra átta.

Aðspurður um það, hvað þeir hafi rekið langt, þegar þeir ráku Gljúfurárleiðina, þá kvað hann þá hafa rekið eins og leið liggur um Miðhópssel, fram með Gljúfurá og vegna beitarafnota í Fremrihlíð hafi þeir sleppt þar þeirri hrossatölu, sem þeir hefðu haga fyrir þar og síðan hafi þeir haldið áfram fram Háeggjaás fram á Kornársel og þar yfir Kleppukvísl og fram með henni í gegnum hlið hjá Gægi og síðan suður og niður á Skútaeyrar, en síðan kvað hann þá gjarnan ríða niður Vatndalinn sér til gamans, þegar þeir væru lausríðandi. Aðspurður um það, hvaða leið önnur sé fær í Fremrihlíð en Gljúfurárleiðin, þ.e. ef rekið er upp Vatnsdal, þá kvað mætti, að reka yrði upp hjá Undirfelli, en sú leið væri fær, þó hún væri ekki greiðfær, en þó kvaðst hann heldur mundu vilja fara hana heldur en að reka alla leið fram í Fremstasel og þaðan í Fremrihlíð.

Í aðiljaskýrslu stefnda Benedikts Axelssonar, sem fram hefur verið lögð í málinu, segir m.a. svo, að þegar hreppsnefndir Ás-, Sveinsstaða- og Þorkelshólshreppa tóku ákvörðun 24/4 1971 um að loka Miðhópshlíð, þá hafi ekkert samráð verið haft við Miðhópseigendur og að þeir hafi ekki einu sinni haft hugmynd um, að það stæði til að halda neinn fund né að fundur hefði verið haldinn, fyrr en Ólafur Daníelsson, fyrrverandi oddviti, kom

til stefnda og það hann sem bónda í Miðhópi um að geyma lykilinn og gefa hliðinu gætur, en þann dag hafði hann læst umræddu hliði. Nú voru liðin tæp 7 ár, og enginn hafði óskað eftir því að fara þarna í gegn né mótmælt lokun hliðsins, svo vitað væri. Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hefðu ekki komið með nokkurt umboð né hreppsnefnd Þverárhrepps komið með umboð frá Þverhreppingum, því það hafi ekki verið haldinn þar almennur hreppsfundur í mörg ár eftir því sem Þverhreppingar segi sér. — Þverhreppingar hafi rekið fram Vatnsdal, reki þar enn og muni gera það, því að það sé með betri upprekstrarleiðum hér í Húnavatnssýslunni. Það þurfi hvergi að reka eftir vegi nema á tveimur stöðum hjá Flögu og í gegnum túnið á Kornsa. Stefndi telur það dýraníðslu að reka fram með Viðidalsfjalli. Það sé ekki aðeins vandfarið, heldur þurfi að reka yfir straumpunga á, sem heiti Svinadalsá. Hún sé oftast vatnsmikil fram undir haust, svo þurfi að reka yfir forardý og sé þessi leið ekki fær nema fyrir kunnuga menn. Jóhannes Magnússon haldi því fram, að hann geti ekki rekið fram Vatnsdal, því að folöld séu svo ung. Vegna þessa vilji hann taka fram, að þeir, sem komnir séu til vits og ára, viti það, að hryssur kasti aðallega frá sumarmálum fram undir 15. júní, en þeir megi ekki reka fyrr en 15. júlí. Miðhóp sé austasti bær í Vestur-Húnavatnssýslu og eigi upprekstur á Viðidaltunguheiði. Þeir reki því Viðidal fram um Hrappstaði, sem sé um 50 km leið fremst úr Miðhópslandi, en ef þeir færu gegnum Þingeyrarselsland og þar fram, væri leiðin um 20 km. Hann kveður þá reka þessa lengri leið fram Viðidal, af því að þeir hlýði fjallskilareglugerð V-Húnavatnssýslu. Stefndi segir Þverhreppinga geta rekið fram Vatnsdal, enda geri þeir það og hafi gert að undanskildum örfáum einstaklingum, sem Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson stjórni. Með því valdi þeir bændum í úthluta Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa milljónatjóni á hverju ári með því að tvístra fénaði þeirra til allra átta um hásláttinn.

Jóhannes Guðmundsson, oddviti Þorkelshólshrepps, kom fyrir dóminn. Skýrði hann m.a. svo frá, að hann hafi verið fundarritari á sameiginlegum fundi Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa, sem haldinn var 24. apríl 1971, og kvaðst hann m.a. hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu um samþykkt þá, sem gerð var samhljóða um að læsa hliðinu á Miðhópsgirðingu. Hann kvað þessa ákvörðun hafa verið tekna af brýnni nauðsyn, enda hafi það þráfaldlega komið fyrir, að hliðið hafi verið skilið eftir opið. Það hafi ekki verið meiningin að meina einum eða neinum umferð um þessa leið, Gljúfurárleið, en hann kvað hvorki Jóhannes Magnússon né neinn annan úr Þverárhreppi hafa beðið sig um lykilinn að hliðinu. Varðandi svonefnda Miðhópsgirðingu kvað mætti það hafa komið fram í bréfi frá ábúendum á nokkrum jörðum í Þorkelshólshreppi, a.m.k. Gröf og Miðhópi, til oddvita Þorkelshólshrepps ellegar hreppsnefndar frá árinu 1933 eða 1934, að þessi

umrædda girðing væri afhent Þorkelshólshreppi, og alla tíma síðan hafi Þorkelshólshreppur séð um viðhaldið á girðingunni svo og um lengingu hennar 1971 og hafi kostnaður við þá framkvæmd verið greiddur að hálfu af Ás- og Sveinsstaðahreppum eins og gert hafi verið um viðhaldið. Aðspurður taldi hann fyrrnefnda þrjá hreppa vera eigendur girðingarinnar. Mætti kvað Jóhannes Magnússon hafa fengið munnlegt leyfi til þess að reka hrossastöð yfir svonefndan Gafl um þriggja, fjögurra ára skeið og hafi Jóhannes beðið um leyfið árlega, en enginn annar Þverhreppingur hefði beðið um slíkt leyfi. Hins vegar kvaðst hann alveg hafa látið Jóhannes um það, hvort hann færi með stóð frá sjálfum sér eða öðrum. Aðspurður um það hvaða upprekstrarleið sé styst og eðlilegust fyrir Þverhreppinga að Fremrihlíð, kvað hann það vera best fyrir alla að fara veginn fram Vatnsdal.

Þá kom fyrir dóminn Jón Bjartmar Bjarnason, oddviti Áshrepps. Kvaðst hann hafa tekið þátt í samþykkt um lokun Miðhópsgirðingar á sameiginlegum fundi hreppanna 24. apríl 1971. Hann taldi hreppana þrjá, Þorkelshóls-, Sveinsstaða- og Áshrepp eiga Miðhópsgirðingu. Aðspurður um það, hvaða upprekstrarleið væri styst og eðlilegust fyrir Þverhreppinga að Fremrihlíð, kvað hann það eðlilegast, að þeir færu fram Vatnsdal og þá annaðhvort upp hjá Undirfelli eða alla leið fram í Fremstasel. Varðandi Undirfellsleiðina kvað hann þá Vatnsdælinga fara með fjársafnið af Viðidalsfjalli niður hjá Undirfelli á hverju hausti, þegar rekið er til réttar. Mætti óskaði að taka fram, að hann álitir, að um skammtímanot Þverhreppinga af Fremrihlíð yrði að ræða, vegna þess að Áshreppur og Sveinsstaðahreppur væru að reyna að kaupa þetta land, og einnig yrði stefnt að því í framtíðinni að hætta að reka stóðhross á heiðar.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur vottorð og yfirlýsingar, sem nú skal greint frá.

Lögmaður stefnanda sendi hinn 10. júní 1977 Guðmundi Jósafatssyni frá Brandsstöðum svohljóðandi bréf: „Um leið og ég vísa til samtals við þig nýverið, þar sem ég spurðist fyrir um upprekstrarleið Þverhreppinga inn á Viðidalsfjöll (Haukagilsheiði) vildi ég biðja þig að staðfesta bréflega eða með áritun á bréf þetta, — ef ég hef skilið þig rétt, — að leiðin hafi legið upp Miðhópsland og síðan inn með Gljúfurá á vestan. Þar sem þú ert manna kunnugastur þætti mér gott að fá þessa umsögn þína.“ Guðmundur endursendi bréfið með svofelldri áritun: „Að gefnu tilefni skal það tekið fram, að þessi umsögn mín er byggð á frásögn Valdimars K. Benónýssonar, þá bónda á Ægissíðu í Vesturhópi — sennilega 1948 eða '49.“

Björn Björnsson, Brúsastöðum gaf hinn 8. mars 1977 svohljóðandi vottorð:

„Undirritaður sem er fæddur og uppalinn í Miðhópi í Viðidal og síðar

bóndi þar, get hér með vottað samkv. beiðni, að götur og gamlir götutroðningar eru á leiðinni frá Þjóðveginum við Miðhóp fram um Miðhóps sel og að hliði á afréttargirðingu fremst í Miðhópslandi svokallað Miðhópsklið, og þaðan áfram fram með Gljúfurá eins og leið liggur fram á heiði. Selgötur í Þingeyrarsel liggja vestan Gljúfurár fram með sel-kvísl.“

Lögð hefur verið fram yfirlýsing frá Jóni S. Pálmasyni, Þingeyrum, oddvita Sveinsstaðahrepps, dags. 8. júlí 1945, sem lögð var fram í fógetarétti Húnavatnssýslu 9. júlí 1945, svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni upplýsist, að fyrir síðustu aldamót ráku út-Víðdælingar fje og hross, sem til heiðar átti að fara, fram Víðidalsfjall, og var þá lagt á þá menn gangnaskil í Sveinsstaðahreppi. En með samningi, sem gerður var nokkru eftir 1900 milli Þorkelshólshrepps og upprekstrarfjelags Grimstungu og Haukagilsheiðar um það, að þeir hættu að greiða gangnaskil til Sveinsstaðahrepps fjell þessi rekstrarleið niður og hefir aldrei síðan verið heimiluð af hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, öðrum en þeim, sem hafa leyfi til að sleppa fjenaði sínum í Víðidalsfjall. Aðrir, sem þessa leið hafa rekið afrjettarpening, hafa gert það í heimildarleysi og gegn vilja hreppsnefndar.“

Yfirlýsing Sigfúsar Sigfússonar, dags. 21/2 1978, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Sigfús Sigfússon, bóndi í Gröf í Víðidal, lýsi því hér með yfir, að ég læt afskiptalaust svokallað Hliðmál og amast ekki við umferð Þverhreppinga með stóð sitt á leið til heiðar um Grafarland.“

Yfirlýsing Jóns Hannessonar, Blönduósi, dags. 15. ágúst 1979, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður lýsi hér með yfir, að Þverárhreppur, V-Hún. hefur nú og í s.l. 20 ár haft heimild til hrossabeitar í eignarhluta minn í Fremrihlíð í Þorkelshólshreppi, heimild þessi er frá minni hendi ekki háð neinum hindrunum á rekstrarleiðum að landinu.“

Fram hefur verið lögð yfirlýsing 16 bænda í Ás- og Sveinsstaðahreppum, dags. í febrúar 1980, svohljóðandi:

„Við undirritaðir bændur í Sveinsstað- og Áshreppum, mótmælum harðlega öllum stóðrekstrum fram með Víðidalsfjalli að sumrinu eftir að við höfum slept þar sauðfé okkar. Við slíka umferð styggist féð og safnast saman við læki og aðrar hindranir, svo að mikil hætta er á að lömb villist frá mæðrum sínum. Í annan stað er okkur ekki kunnugt um að nein ákveðin rekstrarleið til heiða sé um þetta land. Mótmælum við því allri umferð þarna nema í samráði við fjallskilastjórn.“

Í tilefni af margumræddri lokun hliðs á Miðhópsgirðingu skrifaði lögmaður stefnanda vegamálastjóra bréf, dags. 27. des. 1975, þar sem hann gerði grein fyrir málavöxtum og fór þess á leit, að vegamálastjóri gæfi úrskurð eða umsögn skv. heimild í 13. og 16. gr. girðingarlags nr. 10/1965,

hvort heimilt sé eða lögum samkvæmt að loka (læsa) umræddu hliði, svo sem Miðhópsbóndi hefði gert. Þá sendi lögmaðurinn vegamálastjóra framhaldsgreinargerð, dags. 18. jan. 1976. Málaleitan lögmannsins svaraði vegamálastjóri með bréfi, dags. 21. jan. 1976, og í niðurlagi þess segir svo:

„Ekki verður séð af tiltækum gögnum, að vegur til almenningsþarfa hafi verið lagður upp með Gljúfurá að vestan og leiðin hefur aldrei verið ætluð til almennrar notkunar í umsjá Vegagerðar ríkisins. Er þess vegna litið svo á, að umrædd leið sé ekki þeirrar gerðar að títtnefndar lagagreinar verði taldar eiga við og verður því ekki á þessum vettvangi tekin afstaða til, hvort heimilt sé að hindra umferð um Miðhópsflið í Vestur-Húnavatanssýslu.“

Dómendur, lögmenn og nokkrir af málsaðiljum gengu á vettvang og athuguðu staðhætti.

### *Málsástæður og lagarök.*

Lögmaður stefnanda byggir dómkröfur sínar einkum á tveim ástæðum. Í fyrsta lagi því, sem hann nefnir almennum rétti, einskonar náttúrurétti, til frjálsrar umferðar (í rauninni allemandsret). Sérstakur umferðarréttur fylgir fasteignum hverskonar að almannaleiðum, þjóðvegum o.s.frv., og þá auðvitað nema annað liggi beinlínis fyrir, eftir þeirri leið, sem styst er eða greiðfærust í hverju tilfelli. Lögmaðurinn telur, að þegar umbjóðendur hans keyptu umrædd svæði fyrir 74 árum hafi að sjálfsögðu fylgt réttur og aðstaða til þess að nytja þau og til þess að komast að þeim stystu og eðlilegustu leið, sem hafi verið upp með Gljúfurá að vestan, önnur leið hafi ekki komið til greina. Þótt löngu síðar hafi verið lagður vegur austur í Áshreppi upp Vatnsdal, breyti það engu um eignarréttarstöðu eða afréttar-not umbjóðenda hans og öll sönnunarbyrði fyrir því, að umbjóðendur hans hafi einhverntíma eða með einhverjum hætti glatað hinum upprunalega og náttúrlega umferðarrétti á afréttarsvæðinu myndi óskorað hvíla á þeim, sem reyndu að halda slíku fram. Sú sönnun liggi engin fyrir í málinu. Hin málsástæðan, sem lögmaður stefnanda byggir dómkröfur sínar á, ef sú fyrri teljist ekki einhlít, er sú, að umbjóðendur hans hafi unnið hefð á umræddri umferðarleið. Vitnar hann þar til skýrslu Eggerts Levý á dskj. nr. 7, greinargerðar sama og samnings á dskj. nr. 10, ennfremur dskj. nr. 11, álitserðar Páls S. Pálssonar á dskj. nr. 13b, greinargerðar til vegamálastjóra á dskj. nr. 16, vottorðs fyrrv. ábúanda á Miðhópi á dskj. nr. 18 og vottorðs Guðmundar frá Brandsstöðum á dskj. nr. 17. Einnig vitnar hann til útdráttis á dskj. nr. 19 af ýmsum framburðum og vitnaleiðslum frá fyrri tíma, þar sem víða komi fram viðurkenning stefndu á því, að Þverhreppingar hafi rekið þessa leið, a.m.k. frá 1930, sbr. og forsendur úrskurðar sýslumanns 13/8 1974. Jafnvel þótt hefðarhaldið hefði einhvern tíma rofnað, — sem nú hafi ekki verið — þá myndi það engu breyta, því að umbjóðendur hans

hefðu þá unnið hefðina á ný, þar sem hefðartími umferðarréttar sé aðeins 10 ár, enda sýni málaferlin og ferðir umbjóðenda hans gegnum hliðið, þótt lokað væri, að þeim væri alvara að halda rétti sínum til ýtrustu laga. Lögmaðurinn segir því stundum hafa verið haldið fram öðrum þræði, að úrskurðurinn 1945 sé enn í fullu gildi, þar sem honum hafi aldrei verið hrundið með áfrýjun. Hér sé því til að svara, að hafi úrskurðurinn yfirleitt haft nokkra réttarverkun, þá hafi hún verið „samin af honum,“ ef svo mætti segja. Annars hafi sá úrskurður ekki fjallað um annað en það, hvort þáverandi fógeti, Guðbrandur Ísberg, skyldi veita aðstoð eða ekki til þess að ná einhverjum plönkum úr umræddu hliði, um umferðarrétt sem slíkan segi úrskurðarorðið ekkert. Hér taki hæstaréttardómur 15. mars 1977 hins vegar af skarið, þar sem svo sé fyrir mælt, að leita skuli úrlausnar vettvangsdóms um umferðarréttinn. Þá segir lögmaður stefnanda, að enda þótt afréttarleiðin upp með Gljúfurá sé og hafi aldrei verið „lagður“ vegur eða í „um-sjá Vegagerðar ríkisins,“ eins og vegamálastjóri komist að orði í dskj. nr. 16, þá sé hitt víst og áreiðanlegt, að leiðin falli undir 16. gr. girðingarlaga „vegur, stígur eða götutroðningur,“ og þess vegna ekki heimilt að loka henni eða „með öðru móti hindra umferð“ um hana, sbr. 1. mgr. 16. gr., nema sveitarstjórn leyfi eða eftir atvikum vegamálastjóri. Nú liggi fyrir bréf oddvita Þorkelshólshrepps, dskj. nr. 15, þar sem segi berum orðum, að hreppsnefndin hafi „enga samþykkt gert“ í þessar áttir. Engu máli skipti þótt oddvitar fleiri saman kunni að hafa samþykkt eitthvað, það fái ekki formlegt gildi, fyrr en það hafi verið afgreitt sérstaklega í hverri hreppsnefnd fyrir sig. Þegar af þessari ástæðu leiði, að engin heimild sé til þess að hindra umferð Gljúfurárleiðina upp úr Miðhópslandi. Lögmaður stefnanda kveðst ekki þurfa að rekja nauðsyn og yfirburðakosti umstefndrar umferðarleiðar fyrir búpening, miðað við leiðina upp Vatnsdal eða upp Víðidal. Sérstaklega vill hann vekja athygli á afréttarsvæðinu Fremrihlíð, sem umbjóðendur hans nytji, en þangað sé raunverulega engin leið úr byggð nema Gljúfurárleiðin. Loks megi vekja athygli á því, að samhliða því að umbjóðendum hans sé það að kalla óhjákvæmileg nauðsyn, brýnt hagsmunaaatriði, að geta hagnýtt sér þessa ákveðnu umferðarleið, þá sé það á hinn bóginn stefndu með öllu meinalaust, enda leiðin engum bönnuð eða hindruð nema umbjóðendum hans. — Aðalreglan sé sú, að menn eigi frjálsan umferðarrétt og aðgang að eignum sínum og starfrækslu, þ. á m. að afréttar- eða beitolöndum sínum, enda þótt það kunni að hafa einhverjar takmarkanir í för með sér á eignar- og afnotaréttindum annarra. Þetta sé beinlínis mannréttindaregla í nútíma réttarþjóðfélagi. Löggjöfin geri skýrlega ráð fyrir þessu, sbr. t.d. 16. gr. girðingarlaga nr. 10/1965, þar sem jafnvel götutroðningur njóti réttarverndar, að þeim megi ekki loka nema að uppfylltum sérstökum skilyrðum. Í vegalögum sé á sama hátt gert ráð fyrir t.d. vegum og umferðar-

rétti að „eyðibýlum, fjallskilaréttum“ etc., fjallvegum „vegna nýtingar af-  
 réttar- og beitalanda,“ o.s.frv. Byggt sé á þeirri reglu, að haldast skuli status  
 quo, þar til skorið hafi verið úr ágreiningi af lögbærum dómstóli, áreiðar-  
 og vettvangsdómi. — Fjallskilareglugerðir geti ekki svipt menn neinum  
 þeim umferðarrétti, sem þeir eigi fyrir. Vangaveltur varðandi fjallskila-  
 reglugerð A - Hún. komi þess vegna í lítinn stað hér, enda Miðhóp og  
 Gröf ekki á því gildissvæði, og a.m.k. vafasamt um Þingeyrarsel.

Lögmaður stefndu styður sýknukröfur sínar þeim rökum m.a., að aðild  
 og efni dómkröfu sé nokkuð annmörkum háð. Hreppsnefndin geri kröfu  
 vegna allra íbúa Þverárhrepps um, að þeim sé heimil umferð með búfénað  
 um lönd tiltekinna jarða, svo sem leið liggja forn og hefðbundin fram á  
 tiltekin afréttarlönd. Svo sem fram komi í málinu, eigi Þverárhreppur ítölu  
 hrossa og sauðfjár í afréttarlöndin. Þessari ítölu hljóti hreppsnefnd að út-  
 hluta tilgreindum búfjáreigendum í hreppnum. Þeir einir og ekki aðrir íbúar  
 hreppsins geti krafist rekstrarleiðarinnar. Þá er því alfarið mótmælt serr  
 röngu og ósönnuðu, að um þessi lönd liggja forn og hefðbundin leið, og  
 jafnframt er því mótmælt, sem síðar segir í stefnu, að þarna sé afréttarleið  
 frá fornu fari og bæja-, kirkju og selvegur, meðan býli voru í dalnum þa  
 frammi og enn í dag almenn umferðarleið. Þetta sé endaleysa og brjót  
 í bága við þau gögn, sem fram séu lögð í málinu. — Málið hafi að veruleg-  
 leyti verið byggt upp af málshæfjendum nú á þeim forsendum, að Þingeyrar-  
 sel sé ekki í Austur-Húnavatnssýslu og ekki innan gildissvæðis reglugerða  
 fyrir Austur-Húnavatnssýslu fyrir fjallskil o.fl. frá 3.mái 1971. Í þessa  
 reglugerð segi í 6. gr., 3. mgr.: „Þannig skal reka í gegnum heimalönd  
 manna að sem minnstur bagi verði af og er fjallskilastjórn heimilt a  
 ákveða hvaða leiðir skuli reka á afrétt.“ Lögmaðurinn kveðst hafa la-  
 fram óbyggjandi gögn fyrir því, að Þingeyrarsel hafi verið í Sveinsstað  
 hreppi. Hér sé um að ræða endurrit úr hreppsþók Sveinsstaðahrepps f  
 1921 og 1922 og endurrit úr skjalasafni Stjórnarráðs Íslands, er sýni ú-  
 skurð stjórnarráðsins frá 31. des. 1921 þess efnis, að Þingeyrarsel skuli te-  
 ast í Sveinsstaðahreppi. Með þessum úrskurði og skv. efni fjallskilaregl-  
 gerðarinnar og skv. ákvörðun upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepp-  
 um lokun Miðhópshlíðs og ákvörðun sömu hreppsnefndar um það, að ré-  
 leiðin fyrir Þverhreppinga með stóðhross sín skuli vera fram Vatnsdal  
 það augljóst og skýrt sem vera megir, að mál þetta sé að efni til reist-  
 röngum grundvelli. — Þá kveðst lögmaður stefndu verða að halda  
 fram, að svo langt sem úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu frá 9. j  
 1945 nái sé hann res judicata að því er varðar opnun hliðs og umferð  
 það og sé það e.t.v. ástæðan fyrir því, að málshæfjandi forðist að ne-  
 hliðið í kröfugerðinni. — Hefðin sé fjarstæða. Lagt hafi verið fram

málshefjanda dskj. nr. 10, sem sé samningur frá árinu 1945 á milli hreppsnefnda Þorkelshólshrepps og Eggerts Levý, þar sem reynt sé að semja um tálmunarlausa umferð um Miðhópshlið. Slíkt samræmist ekki, að hægt sé að vinna hefð á þessu. Þá sé og að nefna fyrrgreindan fógetaúrskurð. Ennfremur sé lagt fram endurrit úr sakadómsbók Húnavatnssýslu frá 13. júní 1962, þar sem fram komi, að með bréfi til oddvita Þverárhrepps, dags. 5. júní 1960, mæltist oddviti Áshrepps eindregið til þess, að hinn fyrrnefndi sæi um, að stóð úr Þverárhreppi yrði þá og framvegis rekið fram Vatnsdal til afréttar, en ekki Víðidalshjall sökum mikils ónæðis á lambfé. Ennfremur að oddviti Áshrepps hafi sent til áréttingar oddvita Þverárhrepps símskeyti þann 20. sama mánaðar, þar sem segi, að af gefnu tilefni skv. heimild í 4. mgr. 6. gr. fjallskilareglugerðar Austur-Húnavatnssýslu þá tilkynnist, að stóð úr Þverárhreppi beri að reka fram Vatnsdal til afréttar. Þá hafi ennfremur verið lögð fram skýrsla lögreglunnar í Húnavatnssýslu, frá 11. júlí 1973 og í framhaldi af því endurrit úr sakadómsbók Húnavatnssýslu frá 29. ágúst 1973, er hljóði um kæru á hendur tilteknum Þverhreppingum, sem hefðu brotist í gegnum Miðhópshlið með stóðhross sín á leið til afréttar. Sjáanlegt sé því, að hvorki þá né nokkru sinni síðar eftir kærana frá 1963 hefðu Þverhreppingar getað verið í góðri trú um, að þeir ættu þessa leið til rekstrar. — Ákvörðun upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa um rekstur stóðsins fram Vatnsdal sé í alla staði mjög eðlileg. Það sé hin „náttúrulega“ leið, að menn ferðist með búpening meðfram vegum og á vegum, sem einmitt hafi verið gerðir til þess, yfir eignarlönd manna, að sömu eigendur þrúfi ekki að sæta því, að það sé gengið eða riðið yfir land þeirra hvar sem er. Samkvæmt mælingu Aðalbjörns Benediktssonar á vegalengd hugsanlegra rekstrarleiða afréttarpenings úr Þverárhreppi inn á Haukagilsheiði komi fram, að ekki muni nema 5 km á leiðinni um Vatnsdal og leiðinni um Miðhópshlið. Auk þess reki Sveinsstaðahreppsmenn hross sín að meðtöldum folöldum fram Vatnsdal og sé ekki að sjá, að þeim verði meint af. Það sé því bábilja, að Þverhreppingum sé vísað á slæma leið. Hitt sé svo annað mál, sem best sjáist við skoðun, að hin eftirsóttá leið Þverhreppinga um Miðhópshlið sé síður en svo greiðfær að sjá, á köflum mjög blaut og erfið yfirferðar. Styggðin, sem rekstur þeirra valdi öðrum búfénaði, sem þarna sé fyrir á afréttinum, sé þyrnir í augum upprekstrarfélagsins og sé það mjög skiljanlegt. — Fyrir liggi í málinu, að sveitarstjórnirnar þrjár, Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa, gerðu um það samþykkt á sameiginlegum fundi hinn 24. apríl 1971 að læsa hliðinu á girðingunni yfir sumarið og að fela bóndanum í Miðhópi að geyma lykilinn. Þessari ákvörðun sveitarstjórnanna hafi aldrei verið skotið til vegamálastjóra. Standi hún því óhöggugu skv. vegalögum og girðingarlögum. Auk þess hafi

lögmaður málshefjenda lagt fram bréf frá vegamálastjóra til hans, dags. 21. janúar 1976, þar sem segi, að líta verði svo á, að umrædd leið sé ekki þeirrar gerðar að títtnefndar lagagreinar verði taldar eiga við.

### *Álit dómsins.*

Sakarefni það, sem hér er til úrlausnar, hefur áður komið fyrir áreiðar- og vettvangsdóm Húnavatnssýslu. Það var áður höfðað fyrir þeim dómi með stefnu, útgefinni 30. mars 1977, af hreppsnefnd Þverárhrepps eins og nú, en þá var Benedikt Axelssyni eiganda hálfleнду Miðhóps einum stefnt, auk þeirra eigenda hinnar hálfleнду jarðarinnar og eigenda Þingeyrarsels svo og oddvita Þorkelshólshrepps, en þeim þremur síðastnefndu aðiljum var einungis stefnt til réttargæslu. Undir rekstri þess máls varð þó samkomulag með aðiljum um, að eiginkona Benedikts Axelssonar svo og hjónin Jón Kristjánsson og Margrét Björnsdóttir, eða allir skráðir eigendur Miðhóps, yrðu beinir aðiljar málsins. Héraðsdómur vísaði málinu frá m.a. vegna þess, að hreppsnefndum Ás- og Sveinsstaðahreppa var ekki stefnt sem aðiljum. Mál þetta var kært til Hæstaréttar 22. ágúst 1977. Stefnandi í héraði var kærandi málsins, og krafðist hann þess, að hinn kærði frávisunardómur yrði úr gildi felldur og að lagt yrði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms að niðurstöðu til, en með þeim rökum m.a., að stefnan hafi ekki verið í samræmi við 88. gr. laga nr. 85, 1936, þar sem í henni hafi ekki komið glögglega fram, hvort einungis væri átt við umferð um Miðhópsland og að gögn málsins væru óljós um, hverjir eigi eða hafi umráð girðingar þeirrar, sem hið umdeilda hlið er á, og hefði því ekki verið unnt að taka afstöðu til samaðildar varnarmegin í málinu. Einnig var að því fundið, að stefnandi legði fram mörg bréf og greinargerðir, sem geymdu skriflegan málflutning, og því brotið gegn 105. gr. laga nr. 85/1936. Í því máli sem hér er til úrlausnar, hefur stefnandi bætt úr þeim ágöllum, sem að ofan greinir. Þannig telst hann hafa gert þá grein fyrir umferðarleið þeirri, sem hann krefst viðurkenningar á, og að öðru leyti gert svo grein fyrir kröfum sínum, að stefnan sé í samræmi við 88. gr. laga nr. 85/1936. Þá er það fram komið varðandi girðingu þá, sem mjög kemur við sögu í málinu, að engin skrifleg gögn eru til um eignar- eða umráðarétt að girðingunni, en óumdeilt og alfarið talið, að hún sé sameign hreppanna þriggja, Þorkelshólshrepps, Áshrepps og Sveinsstaðahrepps. Oddvitum framangreindra hreppa er nú stefnt f.h. hreppanna svo og upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa sem kemur fram fyrir hönd þeirra tveggja hreppa í málefnum, sem varða fjallskil.

Við munnlegan flutning málsins lét lögmaður stefnanda bóka kröfur sínar þannig, að staðfest verði með dómi réttarins, að íbúum Þverárhrepps sé heimill umferðarréttur með búpening sinn til afréttar um lönd jarðanna

Grafar, Miðhóps, — þar á meðal um svonefnt Miðhópshlið eða annað hlið á Miðhópsgirðingu svokallaðri — og Þingeyrarsels, svo sem leið liggur, samanber framlagðan uppdrátt, frá Þjóðvegi og upp með Gljúfurá að vestanverðu, allt fram á afréttarsvæði Haukagilsheiðar, Lambatungur, Kornsártungur svo og Fremrihlíð. Jafnframt verði stefndu öðrum en Sigfúsi Sigfússyni og Rannveigu Ingimundardóttur, gert að greiða in solidum hæfilegan málskostnað fyrir vettvangsdóminum samkvæmt mati og ákvörðun dómsins. Loks er krafist ómerkingar ummæla á dskj. nr. 32, niðurlagssetningu: „Með því valda þeir bændum í úthluta Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa milljónatjóni á hverju ári . . .“

Lögmaður stefndu mótmælti kröfugerð lögmanns stefnanda, eins og hún er bókud hér að framan, að svo miklu leyti sem kröfugerðin væri breyting á kröfugerð í stefnu. Gegn þessum mótmælum lögmanns stefndu verða breytingar á kröfugerð stefnanda, sem fram komu í ofangreindri bókun, ekki gerðar að álitaefni í þessu máli.

Varðandi kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla stefnda Benedikts Axelssonar þá lét lögmaður hans í sama þinghaldi gera svofellda bókun: „Umbjóðandi minn, staddur hér í réttinum óskar, að taka aftur og falla frá forskeytinu „milljóna“ á dskj. nr. 32 þannig að skjalið endar svo: „Með því valda þeir tjóni á hverju ári með því að tvístra fénaði þeirra til allra átta um hásláttinn.““ Þótt þessari kröfu um ómerkingu ummæla hefði mátt koma að í málinu, þá þykja ekki efni til, eftir að stefndi Benedikt hefur dregið svo úr fyrri ummælum sem að ofan greinir að gera kröfu þessa að álitaefni í málinu.

Þá er að því komið að leiða efnishlið málsins til lykta.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar um umferðarrétt um svonefnda Gljúfurárleið upp á Viðidalsfjöll einkum á tveimur málsástæðum. Annars vegar því, sem hann nefnir almennan rétt, einskonar náttúrurétt til frjálsrar umferðar. Það er að vísu viðurkennt í íslenskum rétti, að menn verði að hafa aðgang að fasteignum sínum til allra venjulegra nota eða þeirra nota a.m.k., sem viðkomandi eignir eru ætlaðar fyrir. Þessum umferðarrétti fylgir stundum óhagræði fyrir eiganda eða eigendur nágrannaeygna, sem þeir þó verða að þola. Almennt er þó talið, að þeim rétti verði að setja nokkuð þröngar skorður og að þeir sem fyrir óhagræði verða vegna umferðar annarra um eign sína, geti haft á það nokkur áhrif, hvernig þessum tiltekna umferðarrétti skuli nánar fyrir komið, svo að sem minnstur bagi verði að. Í máli því, sem hér er til urlausnar, er það óumdeilt, að stefnendur eiga hlutdeild í afrétti þeim á Viðidalsfjöllum, sem í máli þessu greinir, og hafa jafnframt afréttarnot á honum ásamt upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa fyrir ákveðinn fjölda hrossa. Einnig er upplýst, að nokkrir bændur úr Þverárhreppi hafi allt frá 1930 af og til rekið hrossastóð

sitt upp með Gljúfurá á framangreindan afrétt. Þar hefur orðið að fara í gegnum heimalönd þriggja býla, og hafa bændur í Miðhópi amast við þessum stóðrekstrum og fengið til þess leyfi hreppsnefndar Þorkelshóls-hrepps að læsa hliði á afréttargirðingunni í landi Miðhóps. Þá hefur upp-  
rekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa ákveðið með heimild í fjallskila-  
reglugerð Austur-Húnavatnssýslu, að rekstrarleið þeirra, sem reglugerðin  
tekur til, skuli vera fram Vatnsdal á umræddan afrétt. Þannig telja þessir  
aðilar, bóndinn í Miðhópi og hreppsnefndir hreppanna þriggja, Þorkels-  
hóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa, að umræddir stóðrekstrar Þverhreppinga,  
sem virðast hafa verið einir um það að reka fram með Gljúfurá, geri lamb-  
fé, sem í vegi þeirra verður, mikið ónæði, einkum svo snemma sumars sem  
rekstrarnir fara fram. Einnig telja þeir erfitt að fylgjast með því, hversu  
mörg hross rekin eru umrædda leið, en svo sem áður getur, gildir ítala  
í afréttinn, sem heimilar aðeins beit fyrir ákveðinn fjölda hrossa. — Ekki  
hefur stefnanda tekist að sýna óyggjandi fram á það, að götuslóðar þeir  
upp með Gljúfurá, sem Þverhreppingar hafa rekið eftir, sé forn og hefð-  
bundin afréttarleið, svo sem hann hefur fram haldið. Þegar þetta er virt  
svo og það, að mjög lítill munur er á vegalengdum, hvort sem farið er  
upp með Gljúfurá eða fram Vatnsdal og leiðin fram Vatnsdal á hinn bóg-  
inn, miklu greiðfærari en upp með Gljúfurá og að afréttarnot Þverhrepp-  
inga af Fremrihlíð séu þess eðlis, að ekki geti verið úrskerandi um það,  
hvor leiðin sé farin, þá telur dómurinn, að ekki verði við svo búið byggt  
á þessari málsástæðu stefnanda.

Í annan stað byggir stefnandi á þeirri málsástæðu, að hann hafi unnið  
hefð á umræddri umferðarleið. Stefnandi hefur haldið því fram og byggt  
á því, að um væri að ræða hefð á lausafé þar sem fullur hefðartími er  
10 ár. Dómurinn getur ekki fallist á það með stefnanda, að um slíka hefð  
sé að ræða, heldur kæmi hefð á ósýnilegu ítaki í skilningi 8. gr. hefðarlaga  
nr. 46, 1905 frekar til álita, en þar segir, að hefð á ósýnilegum ítökum  
geti aðeins unnist með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignar-  
hefð. Það er að sjálfsögðu grundvallarskilyrði hefðar, að sami aðilinn noti  
óslitið, í þessu tilviki umferðarleið þá, sem hann hyggst vinna hefð á,  
hefðartíma fullan. Ekki hefur stefnandi fært á það sönnur, að skilyrðum  
þessum sé fullnægt, og er því ekki byggjandi á þessari málsástæðu hans.

Af því, sem að framan er rakið, leiðir, að ekki er unnt að taka kröfu  
stefnanda um viðurkenningu á umferðarrétti fyrir búpening um lönd jarð-  
anna Grafar, Miðhóps, Þingeyarsel og svo sem hann lýsir nánar í stefnu  
til greina, enda falla önnur þau rök, sem stefnandi hefur haft í frammi  
í málinu, undir þær málsástæður hans, sem að framan greinir.

Með hliðsjón af þessum úrslitummálsins ber að dæma stefnanda til að

greiða stefndu, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Þorkelshólshreppi og Benedikt Axelssyni kr. 600.000 í málskostnað.

#### D ó m s o r ð:

Krafa stefnanda um, að staðfest verði, að íbúum Þverárhrepps sé heimilt að fara með búpening um lönd jarðanna Grafar, Miðhóps, þ. á m. um svonefnt Miðhópslíð, og Þingeyrarsels frá Þjóðvegi og upp með Gljúfúrá að vestanverðu allt fram á afréttarsvæðin Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur svo og Fremrihlíð er ekki tekin til greina.

Stefnandi greiði stefndu, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Þorkelshólshreppi og Benedikt Axelssyni, kr. 600.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júlí 1984.

Nr. 220/1982. **Hreppsnefnd Grímsneshrepps  
f.h. hreppsins**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

**dánarbúi Helgu Jónsdóttur og gagnsök**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

**svo og fjármálaráðherra**

**f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

**hreppsnefnd Grímsneshrepps**

**f.h. hreppsins**

**og dánarbúi Helgu Jónsdóttur,**

**Guðmundi Ingva Sigurðssyni og**

**Inga Ingimundarsyni**

Kaupréttur. Jarðalög. Stjórnarskrá. Gjafsóknarlaun. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Arnljótur Björnsson prófessor.